



MUSEUMS OF IMPACT

Orðalisti fyrir MOI-matsrammann





MUSEUMS OF IMPACT

Created by MOI! Museums of Impact project, 2022.

MOI framework is licensed under a **CC BY 4.0 license**.

Design by KRUT Collective, krut.fi

www.ne-mo.org/museumsofimpact



Co-funded by the
Creative Europe Programme
of the European Union

Í þessum orðalista eru sett fram lykilhugtök sem notuð eru í MOI-matsrammanum til að auðvelda notkun hans. Orðalistinn útskýrir lykilhugtök eins þau eru notuð í MOI-matsrammanum en honum er ekki ætlað að vera tæmandi orðalisti hugtaka á sviði menningararfs og safnastarfs.

Æskilegt er að hugtökin séu vandlega reifuð svo matshóparnir skilji hvað þau þýða í tilviki þess safns sem leggur í matsferlið.

Aðili

Hugtakið „áhrif“ vísar hér til hvers kyns jákvæðra breytinga sem gerðar eru til að leysa eða glíma við áskoranir. Áhrif verða til fyrir tilstilli aðgerða sem bera árangur, aðgerðir hafa áhrif ef þær stuðla að æskilegum jákvæðum breytingum fyrir hagaðila eða samfélagið.

Afnýlendun

Afnýlendun gefur til kynna vitund um það hvernig hugsun og gjörðir eru mótaðar af arfi nýlendutímans, bæði innan safnsins og meðal einstaklinga. Þetta má til dæmis gera með því að endurskoða söfnunarsögu safnsins og með því að horfast í augu við eigin slagsíðu í öllum kimum safnastarfsins. Þetta krefst þess að safnið sé fært um að læra af og meðtaka gagnrýni og sýna auðmýkt. Ferli afnýlendunar lýkur aldrei.

Áhrif

Hugtakið „áhrif“ vísar hér til hvers kyns jákvæðra breytinga sem gerðar eru til að leysa eða glíma við áskoranir. Áhrif verða til fyrir tilstilli aðgerða sem bera árangur, aðgerðir hafa áhrif ef þær stuðla að æskilegum jákvæðum breytingum fyrir hagaðila eða samfélagið.

Áhrifamarkmið

Áhrifamarkmið er stefna eða markmið sem safnið hefur sett sér um þau jákvæðu áhrif sem það vill hafa á samfélagið og til hvaða hópa það vill ná. Markmiðin eru byggð á vali safnsins á samfélagsáskorunum eða vandamálum sem það vill takast á við, breyta eða hafa áhrif á. Safnið getur einnig haft áhrif í gegnum aðgerðir án sérstakrar markmiðasetningar. En ef markmið eru skilgreind fyrir fram, er mögulegt að þróa þau og meta, fylgjast með þeim og miðla.

Inntak og efni sem safnið framleiðir

“Inntak og efni sem safnið framleiðir” (e. content) vísar til merkingar eða hugmyndar sem miðlað er á tilteknu formi.

Grænt fingrafar

Grænt fingrafar er jákvæð spegilmynd af vistspori. Vistsporið mælir eyðslu náttúruauðlinda, með öðrum orðum þann skaða sem við völdum umhverfinu með gjörðum okkar, á meðan græna fingrafarið nálgast vandamálið á jákvæðum forsendum.

Hreyfiafl

Sjá *Safnið sem hreyfiafl*.

Notendur

Einstaklingar eða hópar sem nýta þjónustu safnsins (s.s. sýningar, stafrænt efni, viðburði og aðra dagskrá), einnig vísað til sem „almennigur“. Mismunandi orð eru notuð yfir þessa einstaklinga í ólíkum deildum safnsins (t.d. safngestir, viðskiptavinir, þátttakendur) en „notendur“ er notað sem samheiti yfir þá.

Rannsóknir

Rannsóknir eru vítt hugtak sem nær utan um ólíkar nálganir, allt frá akademískum og vísindalegum rannsóknum til smærri kannana og greinandi hugsunar þar sem safnkostur, sýningar, fræðslustarf og fleira eru viðfangsefnið. Rannsóknir eru ferli sem getur af sér nýjar upplýsingar og þekkingu í gegnum kerfisbundna vinnu.

Rekstrarumhverfi

Þeir pólitísku, félagslegu, lagalegu, efnahagslegu, menningarlegu og umhverfislegu þættir sem hafa áhrif á safnið og það samfélag sem það starfar í. Það er mikilvægt og gagnlegt fyrir safnið að þekkja þær samfélagsbreytingar sem eiga sér stað, greina þær og bregðast við þeim frá sjónarhóli eigin starfsemi.

Safnið sem hreyfiafl

Safn getur verið vettvangur sem styður fjölbreytta samfélagshópa til að ná markmiðum sínum. Þannig getur safn verið hreyfiafl fyrir starfsemi annarra. Safn þarf ekki alltaf að framleiða sitt efni og þjónustu sjálf heldur getur safnastarfið falið í sér að innleiða og framleiða efni að frumkvæði ýmissa samfélagshópa og/eða í samstarfi við þá.

Samfélag

Innan MOI-matsrammans er hugtakið „samfélag“ fyrirbæri sem skilgreinir sig sjálf: Einstaklingur verður hluti af samfélagi með því að virða og vilja miðla ákveðnum hliðum menningararfsins í gagnkvæmum samskiptum við aðra. Hægt er að skilgreina samfélag með ýmsum hætti, s.s. landfræðilega legu, sammannleg gildi eða sameiginlega sögu. Á sama hátt getur samfélag einnig sprottið úr sameiginlegum hagsmunum.

Söfn geta unnið með staðbundnum samfélögum en einnig með samfélagshópum sem verða til vegna sameiginlegra tómsunda, sérfræðiþekkingar, hugsunarháttanna eða netsamfélaga, svo dæmi séu tekin. Hugmyndin um sameiginlegan arf hvetur söfn til að vinna með fjölbreyttum samfélagshópum við að skilgreina, túlka og miðla arfinum.

Samstarf um sýningargerð

Samstarf um sýningargerð (e. co-curation) er þegar safn vinnur með safnkostinn, opinbera dagskrá eða aðra viðburði í samvinnu starfsfólks og utanaðkomandi einstaklinga, hópa eða tiltekinna samfélagshópa. Samstarf um sýningargerð er snar þáttur í söfnum sem byggja á þátttöku (sjá þátttökuferli).

Samtal

Samtal er opin víxlverkun hugmynda þar sem fólk með ólíkan bakgrunn hugsar saman af virðingu og kynnir sér tiltekið efni eða aðgerðir á jöfnum þátttökugrundvelli.

Sjálfbærni

Starfsemi safna ætti ávallt að byggja á sjálfbærni, hvort sem hún er umhverfisleg, félagsleg, menningarleg eða fjárhagsleg, til skamms eða lengri tíma. Starfsemi sem byggir á lögmálum sjálfbærni er skipulögð og innleidd með endingartíma afurða og þjónustu í huga.

Mikilvægt er fyrir hvert safn að skilgreina hvað ábyrgð er og gera kröfu um að henni sé fylgst eftir í hvívetna í starfseminni. Veigamikill liður í að tryggja sjálfbærni er að sjá til þess að auka fjölbreytni á öllum sviðum svo sem í fjármögnun, starfsmannamálum, safngestum, dagskrá, viðfangsefnum o.s.frv.

Stafræn skuldbinding

Stafræn skuldbinding (eða stafræn þátttaka) er ferli samskipta og tengsla með stafrænum leiðum við viðskiptavini fortíðar, samtíðar og framtíðari. Markmiðið er að stofna til og viðhalda sterkum tengslum.

Stefnumótun

Áætlun um að ná langtímamarkmiðum safnsins. Stefnan samanstendur af markmiðum, stefnumálum og mælikvörðum safnsins. Stefnan er mótuð til langs tíma en með hjálp mælikvarða og reglulegrar yfirferðar er mögulegt að meta þörfina á breytingum.

Söfnunarstefna

Söfnunarstefnan á að skilgreina forgangsröðun og markmið safnsins við öflun safnkosts auk þess að leggja línurnar fyrir umsýslu, notkun og grísjun safnkostsins. Í söfnunarstefnu eru starfsreglur og meginreglur um samstarf í tengslum við safnkostinn og stefnan er mótuð fyrir tiltekinn tímaramma.

Tengsl við samfélagið

Hluti af félagslegum skyldum safna er að efla tengsl við samfélagið með því að mynda sambönd við einstaklinga og samfélagshópa sem falla ekki undir hefðbundna þjónustu safnsins. Áætlun um hvernig efla megi tengsl við samfélagið tengist þeim einstaklingum og hópum sem safnið hefur skilgreint sem markhópa ásamt nýjum og sértækum hópum. Hugtakið getur einnig átt við um nýja þjónustu eða starfsemi sem nær út fyrir veggja safnsins.

Túlkun menningararfs

Skilgreina má menningararf sem eign sem gengur í arf. Áþreifanlegur menningararfur snýst um efnislega hluti en óáþreifanlegur menningararfur á við um lög, dansa, siði og venjur, svo dæmi séu tekin. Nálgun safnsins miðar að því að auðvelda safngestum að ljá menningarlegum og náttúrulegum arfi merkingu og túlka hann. Hugtakið er oft kosið fram yfir „fræðslu“ þar sem það leggur áherslu á opnun fyrir ólíkum sjónarhornum. Hugtakið túlkun menningararfs er notað í öllum tegundum safna. Það skal hins vegar horfa á það með fyrirvara þar sem túlkun og menningararfur í sömu hendingu bjóða upp á möguleikann á að réttlæta eða vanvirða vissar útgáfur fortíðarinnar.

Varðveisla

Aðgerðir sem farið er í til að vernda tiltekna þætti menningararfs. Þetta getur þýtt að varðveita áþreifanlegan menningararf gegn skaða og vanrækslu eða að viðhalda þekkingu og færni í tengslum við óáþreifanlegan menningararf. Söfnum er mest í hag að skipuleggja varðveisluaðgerðir í virku samtali við viðeigandi samfélagshópa.

Viðskiptavinir

Sjá *notendur*.

Þáttökuferli

Þáttökuferli er samheiti yfir aðferðir sem eru til þess fallnar að virkja þáttöku einstaklinga og samfélagshópa í málefnum safnsins. Ferlið getur gefið þátttakendum tækifæri að hafa minni eða meiriháttar áhrif á safnið. Sjá einnig Samstarf um sýningargerð.

Þekkingarvettvangur

Hér er þekkingarvettvangur skilgreindur sem miðlægur gagnagrunnur eða vefsvæði sem miðlar upplýsingum og heimildum til safngesta og annarra notenda. Þekkingarvettvangur styður við söfnun, skipulag, aðgengi og miðlun þekkingar. Dæmi um safnatengdan þekkingarvettvang er Europeana - stafræna bókasafnið.

Þjónusta

Þjónusta á söfnum samanstendur m.a. af sýningahaldi, stafrænu efni, fræðslu og miðlun, rannsóknum og gagnagrunnum, safnbúðum (á staðnum eða netinu), kaffihúsum og veitingastöðum. Hægt er að þróa nýja og núverandi þjónustu í samvinnu við safngesti og ætti ávallt að byggja á sjálfbærri hugsun.

Hlekkir á aðra orðalista um menningararf og safnastarf:

Europeana Impact Playbook:

https://pro.europeana.eu/files/Europeana_Professional/Impact/impact_playbook/Impact_Playbook_Phase1_ENG.pdf

Europeana Glossary of Terms:

<https://pro.europeana.eu/page/glossary>

Faro Convention Action Plan Handbook 2018–2019:

<https://rm.coe.int/faro-convention-action-plan-handbook-2018-2019/168079029c>